

## Fundur stjórnar foreldrafélags Öldutúnsskóla, 2.nóvember 2015.

Mætt: Valerie, Pröstur, Stefanía, Snædís, Íris, Inga, Ingibjörg, Sigríður, Valdimar skólastjóri  
Öldutúnsskóla.

Boðuð forföll: Nikulás Sigfússon

### Samtal við skólastjórnendur:

Valdimar hefur fundinn:

- veturinn fer vel af stað að hans sögn. Búið að breyta fundaskipulagi starfsfólks. Búið að skipta niður í minni faglegru fundi en var áður. Hittast saman á starfsmannafundum, en annars funda teymi. Kemur vel út. Stjórnendur funda með teymunum, Valdimar útlistar hvernig það er gert.
- Fyrr sem stjórnendur koma inn í mál sem kunna að koma upp í skólastarfi. Hægt að vinna strax.
- Hefur skilað sér í bættri líðan starfsfólks.
- Læsisstefnan - innleiðingarár þennan vetur. Verið að setja saman kynningarfundu vegna þess, verður í sitthvoru lagi fyrir aldursstig.
- Strúktúrinn breyst hér í haust. Samhliða því sjá þau meira samstarf á milli árganga. Kennarar farnir að horfa betur á árgang sem heild og bekkjarmúrar lækka þ.a.l. smátt og smátt. Samstarf með Háskólanum á Akureyri.
- Gerð skýrsla um niðurstöður úr skólapúlsinum, Valdimar ætlar að senda foreldrafél. þá skýrslu. Niðurstöður komu vel út fyrir Öldutúnsskóla.
- Fyrsta árið sem þau finna að það er heilt yfir góður hópur hvað varðar agamál, námsárangur og fleira. Þurfa að efla sérkennsluskipulag.
- Ræðir um að þær niðurstöður sem eru komnar úr lesskimunum sem búið er að leggja fyrir að hausti, hvað þarf að gera, hvernig þau gera það og hvernig það er kortlagt hvað þarf að gera fyrir hvert barn fyrir sig.
- Með nýkominni lestrarstefnu geta þau kortlagt betur hvar börnin eru stödd, koma til móts við þau. Sum börn þurfa eitthvað extra í námi sem möguleiki er að gera inni í skólastofunni, þurfa hugsanlega bara breytta kennslu, breytt fyrirkomulag inni í skólastofunni en ekki endilega um sérkennslu að ræða í öllum tilfellum.
- Fer yfir þær skimarnir sem eru í gangi. Ræðir um hugmyndir Hermundar um hreyfingu og grunnfærni sem börn þurfa á fyrstu árunum í skólanum.
- Niðurstöður skimana hafa komið kennurum á óvart. Verið að rýna hvað það er sem er ekki verið að gera, eitthvað sem hefur verið gert, eitthvað í sambandi við uppsetningu kennslu t.d. Fleiri í áhættuþáttum en þau gerðu sér grein fyrir.
- Áhugi hjá Hfj.bæ að taka stærðfræðina inn í þetta verkefni skólaárið 2016-17. Gera með sambærilegum hætti.
- Segir frá nýrri aðstöðu unglínganna sem kominn er. Unglíngunum er treyst fyrir þessu rými hvað varðar umgengni, frágang ofl. Ef þau brjóta reglur sem þau vita ef eru brotnar er tekið á því.
- Eru að koma 30 spjaldtölvur sem fara í spjaldtölvuvagn þannig að bekkir geta unnið með. 10 tölvur á bókasafninu, 7 inn í stofum og fimm í unglíngadeild. Spjaldtölvurnar áttu að koma 1.sept þannig að það er einhver seinkun.
- Vinnumat grunnskólakennara, gengur vel hér í skólanum. Vel mannað, kennararéttindalega séð.

### Fjáröflun bekkja:

Valdimar segir að það væri heppilegt ef það væri hægt að koma því í einhvern farveg, hvaða bekkir eru með hvað. Ef árgangar eru með kaffisölu á námssamtalsdegi t.d. þyrfti að festa þetta á árganga, hver er með hvað.

Foreldrafélag myndi útbúa reikning þannig að hægt væri að leggja inn á, t.d. þegar bekkir eru að afla fjár fyrir skólaferðum ofl.

-Ákveðið að hafa sér fund um hvernig best er að hafa þetta fyrirkomulag.

Valdimar þyrfti að koma inn á fund og setja upp plan með okkur um mætingu á haustfundi/námsskygningar að hausti. Þar hefur verið niður í 30% mæting.

Snædís: fékk beiðni frá foreldri, finnst vanta utanumhald/fulltrúa í stjórn vegna barna sem eru að fá sérstaka þjónustu í skólanum.

Rætt um hvað það er sem foreldrið er að biðja um með þessari beiðni.

Rætt um að senda foreldrum almennt póst þar sem þeir eru hvattir til að hafa samband við stjórn foreldrafélagsins um öll mál, möguleg og ómöguleg.

Eftir fyrirlestur um netnotkun:

#### **Jólafondur:**

Snædís og Inga ákveða undirbúning jólafundurs.

#### **Fræðslumál:**

Læsi sem ákv var að taka þátt með Hvammi, þá er skólinn að fara að vera með nákvæmlega þessa sömu kynningu. Ákv að hætta við. Opín fyrir samstarfi við Hvamm í framtíðinni.

Kynningin verður um miðjan nóvember á vegum skólans.

Ákv verður í janúar hvaða fræðsla verður í vor. Ekki fundur í desember.

Skólinn sér um að pantar Marita fræðsluna.

Spurning hvort sé vilji fyrir að fá Siggú Dögg aftur var fyrravor, hugsanlega spurning um næsta haust frekar. Fjármálafræðsla einnig í kortunum.

Má ekki gleyma yngri hópnum varðandi fræðslu.

Hugmyndir: Fræðsluhluti Unicef, Rauði krossinn, skyndihjálparnámskeið/fræðsla, 112 fræðsla. Yrði að vera á skólatíma.

#### **Fréttir af Foreldrafélagi Hafnarfjarðar:**

Foreldraráð Hfj búin að funda einu sinni. Ekki alveg víst hvenær næsti fundur er. Ætlaði að álykta um vinnu gagnvart skólastefnu Hfj. Ekki mikið að gerast í nefnd sem er starfandi varðandi þetta.

Ályktun um að haldið verði skólaþing þar sem skólastefna verði endurskoðuð þar sem foreldrasamfélagið tekur þátt.

Sigríður býður okkur að senda okkur fundargerð frá foreldraráði Hafnarfjarðar.

#### **Önnur mál:**

Rætt um fótboltavelli/gervigras, verið að vinna í að ath undirlag og endurnýjun.

Hugmynd: að hafa grúppu fyrir stjórn foreldrafélagsins inni á facebook. Ekki allir meðlimir stjórna á facebook.

Fundi slitið kl. 22.10.

Ritari: Íris Helga Baldursdóttir,